

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022 (Þingskjal 534 — 393. mál)

Umsögn þessi tekur til umfjöllunar þá þætti sem að mati Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að mikilvægt að tekin verði til umræðu varðandi samgöngumál á Vestfirðum. Umsögnin er unnin af aðal- og varamönnum samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir stjórn sambandsins.

Umsögnin er alls 11 blaðsíður að þessari síðu meðtalinni, hún skiptist í eftirfarandi hluta.

1. Landsamgöngur
 - 1.1.Megináherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - 1.2.Umfjöllun um markmið samgönguáætlunar 2011-2022
 - 1.3.Stefnumörkun um forgangsröðun á Vestfirðum
2. Flugsamgöngur
3. Viðhald, þjónusta og vetrarþjónusta
4. Lokaorð.

Ísafirði 5. mars 2012.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

1. Landsamgöngur

1.1 Megináherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga

Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur Alþingi Íslendinga til að taka samgönguáætlun til gagn Gerrar skoðunar og færa frammar í framkvæmdaröð þær mikilvægu úrbætur sem Vestfirðingar hafa beðið eftir um langt árabíl. Þær þarf að fjármagna á næstu 5-8 árum til að uppfylla markmið sem sett eru fram í áætluninni um greiðar samgöngur og jákvæða byggðaðróun. Vestfirðingar horfa til samgönguyfirvalda og Alþingis um liðsinni í þessu mikilvæga máli fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum. Eftirtalin atriði varða þar mestu:

1. Að staðið verði við áætlunir um að klára vegagerð um Austur-Barðastrandarsýslu.

- Þannig munu þéttbýliskjarnar í Vestur-Barðastrandarsýslu tengjast aðalþjóðvegakerfi landsins með heilsársvegi.

2. Að flýta gerð Dýrafjarðarganga og vegagerð um Dynjandisheiði.

- Þetta er mikilvægasta framkvæmdin til að tengja saman byggðir á Vestfjörðum. Með Dýrafjarðargöngum og vegabótum á Dynjandisheiði munu helstu þéttbýlisstaðir í Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu tengjast allt árið. Stærsta byggðaaðgerð á Vestfjörðum er að flýta gerð Dýrafjarðarganga.

3. Að tengja Árneshrepp við þjóðvegakerfi Strandarsýslu.

- Með því að áfangaskipta framkvæmdum og flýta áföngum þeim sem þegar eru inni á áætlun opnast Árneshreppur allt árið. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir framtíð búsetu í hreppnum, heldur einnig aðra landsmenn og ferðamenn sem í sífelld auknum mæli sækjast eftir að komast á þær slóðir.

4. Að endurbyggja veg að Látrabjargi.

- Með aukinni ferðapjónustu er nauðsynlegt að endurbæta vegi á eftirsóttustu ferðmannastaði. Vegalagning út á Látrabjarg þarf að komast inn á samgönguáætlun.

Til að þessar tillögur verði að veruleika og unnið verði eftir þeim markmiðum sem sett eru fram í Samgönguáætlun á tímabilinu til 2022, er ljóst að tvöfalda verður fjárframlög til vegamála á Vestfjörðum á næstu árum hið minnsta, miðað við það sem þingsályktun um samgönguáætlun gerir ráð fyrir.

1.2. Úr markmiðum samgönguáætlunar 2011-2022 (ath feitletrun Fjórðungssambands Vestfirðinga)

Fjórðungssamband Vestfirðinga vekur athygli á eftirfarandi markmiðum Samgönguáætlunar:

1.1 Markmið um greiðar samgöngur

Aðgengi og hreyfanleiki í samgöngukerfinu fyrir flutninga á fólki og vörum innan og á milli svæða verði bættr. **Sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til atvinnu- og þjónustukjarna á innan við einni klukkustund.**

Skilgreindir verði atvinnu- og þjónustukjarnar landsins í sóknaráætlunum landshluta og landsskipulagsstefnu.

Samgöngur styrki uppbyggingu og þróun þjónustusvæða í öllum landshlutum.

Skilgreindar verði hafnir og flugvellir sem tryggja eiga greiðar samgöngur til og frá landinu.

Áherslur til að ná þessu markmiði eru m.a.:

a. **Grunnet samgangna á landi, í lofti og á sjó verði byggt upp með hliðsjón af sóknaráætlunum landshluta og tillögum um forgangsröðun framkvæmda, byggðum á félagshagfræðilegri greiningu.**

b. Þjónusta í grunnetinu innan og á milli svæða verði bættr.

...

d. **Lokið verði við endurbyggingu allra helstu stofnleiða á landi og tengingu þeirra við þéttbýli, þar sem eru hundrað íbúar og fleiri, með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli.** Gert verði sérstakt átak við lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant.

e. Almenningsamgöngur milli þéttbýlisstaða og innan þéttbýlis verði eflar...

f. **Gerð verði félagshagfræðileg úttekt á framtíð áætlunarflugs innan lands. Teknar verði upp viðræður milli ríkisins og Reykjavíkurborgar og tryggt að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt.**

1.5 Markmið um jákvæða byggðapróun

Samgöngur tengja saman fólk og byggðir. Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsröðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættrar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt.

Stytting ferðatíma, uppbygging vega með bundnu slitlagi og gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðapróun og eflingu einstakra atvinnu- og þjónustusvæða.

Markmiðið er að samþætta samgönguáætlun við aðra áætlanagerð og opinbera stefnumótun. ...

Áherslur til að ná þessu markmiði eru m.a.:

a. Við forgangsröðun framkvæmda verði tekið tillit til sóknaráætlana landshluta.

b. Atvinnulífi verði skapað aðgengi að greiðum og hagkvæmum vöruflutningum að markaðssvæðum.

c. Unnið verði að styttingu flutningaleiða.

d. Reykjavíkurböfn er aðal inn- og útflutningshöfn landsins og Keflavíkflugvöllur aðal inn- og útflutningsflugvöllurinn. Tryggðar verði eins greiðar tengingar fyrir landsbyggðina við þessar alþjóðlegu megingáttir og kostur er. **Til að stuðla að hagkvæmum flutningum innan einstakra landsvæða verði jafnframt skilgreindar og skipulagðar samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta.**

1.3. Stefnumörkun um forgangsröðun verkefna á Vestfjörðum

Með hliðsjón af markmiðum Samgönguáætlunar og þeim áherslum sem þar eru lagðar, gerir Fjórðungssamband Vestfirðinga fastlega ráð fyrir að framlög til samgöngumála á Vestfjörðum verði sett í forgang á næstu árum, einkum varðandi vegaframkvæmdir.

Íbúabróun undanfarna tvo áratugi og þróun í undirstöðuatvinnugrein Vestfjarða, sjávarútvegi, sýna svo ekki verður um villst að gera þarf stóratök í samgöngumálum á Vestfjörðum til að þeir standist samanburð við aðra landshluta. Frekari dráttur á framkvæmdum í samgöngumálum mun skipta sköpum fyrir allar áætlanir um að bæta samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á svæðinu. Átak í samgöngumálum Vestfjarða mun vega þungt til að snúa við þeirri óheillaþróun sem flutningur fólks af svæðinu hefur verið.

Minnt skal á einróma samþykkt Fjórðungsþings Vestfirðinga í september 2011 um forgangssáherslu samgöngumála í tillögum til Sóknaráætlunar landshluta:

Heiti verkefnisins: Sókn í samgöngum Vestfjarða

Hvað: Markmið verkefnisins er að hraða uppbyggingu grunnets samgangna á Vestfjörðum í þeim tilgangi að snúa við þeirri neikvæðu byggðarþróun sem hefur átt sér stað á Vestfjörðum síðustu áratugum.

Stjórnvöld hafa lagt mikla vinnu í þróun verkefnisins Sóknaráætlun landshluta, en eigi markmið sóknaráætlunar að ganga fram fyrir Vestfirði, verður grunnnet samgangna að vera tryggt, með langtímaáætlun. Stjórnvöld hafa tekið undir slík sjónamið m.a. með samþykkt ríkisstjórnar frá 5. apríl s.l. Þess efnis að fjármunum til nýframkvæmda verði forgangsraða með tilliti til Vestfjarða og einnig með sjónarmiðum innanríkisráðherra sama efnis um að þar séu brýnustu verkefni¹.

Afhverju: Eitt af meginmarkmiðum *Ísland 2020* er gerð áætlana um uppbyggingu grunnets samgangna um land allt sem verði lokið árið 2020. Samgöngur eru og verða grundvöllur byggðar, sem og grundvöllur fyrir sókn. Önnur verkefni falla um sjálf sig ef ekki er hægt að styðjast við nauðsynlega innviði. Af þeirri ástæðu hafa Vestfirðingar sett verkefnið *Sókn í samgöngum Vestfjarða* í fyrsta forgangssæti Sóknaráætlunar Vestfjarða. Að sama skapi hefur Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, sett fram þá tilgátu að byggð á Vestfjörðum gott sem leggist af innan 20 ára verði ekki sett fram heildstæð og tímasett framkvæmdaáætlun um uppbyggingu grunnets².

Hvernig: Verkefni í vegagerð á Vestfjörðum verði sett í forgang í samgönguáætlun stjórnvalda.

Áherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga eins og þær hafa birst í samþykktum undangengin Fjórðungsþing eru enn í fullu gildi. Í vegamálum má setja þær fram með einföldum hætti:

¹ [Vísir](#), 24. febrúar 2011.

² [Vísir](#), 29. ágúst 2011.

1. Uppbygging Vestfjarðavegar 60 frá Flókalundi í Bjarkalund verði lokið .
2. Komið verði á heilsársvegsamband á milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu með Dýrafjarðargöngum og nýjum vegi um Dynjandisheiði.
3. Heilsársvegur verði lagður norður í Árneshrepp.
4. Vegur að Látrabjargi.

Vestfjarðavegur frá Flókalundi í Bjarkalund. Vegna deilna um skipulagsmál hefur uppbygging Vestfjarðarvegur 60 tafist um mörg ár, fjárveitingar hafa verið til reiðu en ekki nýst til framkvæmda. Ólokið er tveim stórum verkefnum, annars vegar vegkafla frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði, en ríkisstjórnin hefur forgangsraðað fjárveitingu sem nemur allt að 3,3 milljörðum til þess verkefnis. Vænst er til að framkvæmdin geti hafist árið 2012 og verði lokið árið 2013. Hinsvegar er vegur frá Skálanesi að Kinnastöðum í Þorskafirði, en þar er áætlaður kostnaður um 5,6 til 7 milljarðar, háð vali á vegstæði. Upphaf framkvæmda er háð skipulagsvinnu og má telja að það yrði í fyrsta lagi árið 2014, en forgangsmál er að tímasetja þessa framkvæmd og hraða skipulagsvinnunni sem kostur er.

Dýrafjarðargöng, eru á gildandi samgönguáætlun 2009-2012. Sú áætlun gerði ráð fyrir að göngin kæmu í beinu framhaldi af gerð Norðfjarðarganga sem lokið yrði árið 2013. Vegna niðurskurðar í fjárveitinum hefur gerð Norðfjarðarganga ekki hafist og mun tímasetning Dýrafjarðarganga því að óbreyttu riðlast. Fyrir sókn í samgöngumálum á Vestfjörðum er grundvallaratriði að úthluta fjármagni til verkefnisins. Einungis með því verður tímasetning Dýrafjarðarganga fastsett og framkvæmdin sett í samhengi við aðrar framkvæmdir á Vestfjörðum. Kostnaður við gerð gangnanna hefur verið metinn 7, 5 milljarðar og framkvæmdartími þrjú ár. Horft til samhengis er endurbygging vegar um Dynjandisheiði sú framkvæmd sem liggur næst Dýrafjarðargöngum. Dynjandisheiði er ekki á núverandi samgönguáætlun en þessa framkvæmd verður að tímasetja og hraða verður undirbúningsvinnu að verkefninu. Þar sem undirbúningsvinnu er ekki lokið liggur ekki fyrir kostnaðaráætlun en fyrsta kostnaðarmat gerir ráð fyrir um 5 milljörðum.

Heilsársvegur norður í Árneshrepp, áhersla verður lögð á að heilsársvegur verði settur á samgönguáætlun. Slíkri framkvæmd má hlutaskipta og í því sambandi eru tvö verkefni mest aðkallandi, þ.e. annars vegar endurbygging vegs um Veidileysuháls og hinsvegar endurbygging vegs um Bjarnafjarðarháls ásamt brú yfir Bjarnarfjarðará.

Endurbygging vegar að Látrabjargi er ekki hluti uppbyggingar grunnnets samgangna, en sem vegur til eflingar ferðaþjónustu á Íslandi er þessi framkvæmd ein sú mikilvægasta. Verkefnið fellur einnig að stefnumótun ferðaþjónustu á Vestfjörðum, stefnu sveitarfélaga og stefnu stjórnvalda samkvæmt náttúruverndaráætlun og nú með stofnun Látrabjargsstofu. Þessari framkvæmd má hlutaskipta en framkvæmdartíma ber að skoða í samhengi við uppbyggingu grunnnets samgangna á Vestfjörðum.

Heildarkostnaður við framangreind verkefni er áætlaður um 25 milljarðar, þar af eru um 4 milljarðar komnir á áætlun 2012 og 2013. Árleg framlög fram til ársins 2020 verða því að meðaltali nema 2,5 til 3 milljörðum.

Forgangsröðun framkvæmda á Vestfjörðum.

Með tilvísun í þessa stefnu vill Fjórðungssamband Vestfirðinga beina því til hins háa Alþingis að flýta þeim framkvæmdum sem Vestfirðingar hafa lagt áherslu á og komist hafa inn á samgönguáætlun, en dregist hafa:

1. Að staðið verði við áætlanir um að klára vegagerð um Austur-Barðastrandarsýslu og tengja þannig þéttbýliskjarna Vestur-Barðastrandarsýslu við aðalþjóðvegakerfi landsins með heilsársvegi.
2. Dýrafjarðargöng og endurbætur vegar yfir Dynjandisheiði er tvímælalaust mikilvægasta framkvæmdin til að tengja saman þéttbýlisstaði og byggðir á Vestfjörðum. Nauðsynlegt er að flýta mikilvægum framkvæmdum í samgöngumálum Vestfjarða og þar eru Dýrafjarðargöng forgangsatríði fyrir þróun byggðar og atvinnulífs. Báðar þessar framkvæmdir þurfa að færast framár í framkvæmdaröð, þannig að þeim verði lokið á tímabili samgönguáætlunar, fyrir árið 2022.
3. Að tengja Árneshrepp við þjóðvegakerfi Strandarsýslu, með því að áfangaskipta framkvæmdum og flýta áföngum þeim sem þegar eru inni á áætlun: a. Nýr vegur um Bjarnafjarðarháls. b. Nýr vegur um Veidileysuháls. c. Vegalagning út með Reykjafirði eða yfir í Trékyllisvík. Heilsársvegur í Árneshrepp er skilyrði fyrir því að byggð standi í hreppnum, en jafnframt opnar hann möguleika á frekari uppbyggingu ferðaþjónustu og siglinga í undraheima Hornstranda.
4. Endurbygging vegar að Látrabjargi. Með endurbótum á veginum út Patreksfjörð að Látrabjargi verður einn eftirsóttasti ferðmannastaður landsins aðgengilegur fyrir alla. Slík framkvæmd yrði mikil lyftistöng fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Nýr vegur út á Látrabjarg þarf að komast inn á á samgönguáætlun. Auðvelt er að leggja hann í áföngum.

2. Flugsamgöngur

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir yfir áhyggjum af stöðu innanlandsflugs í samgöngukerfi landsins með tilliti til fjárveitinga á áætlunartímabilinu og almennt metnaðarleysi í umfjöllun samgönguáætlunar 2011-2022 varðandi þennan þátt í almenningsamgöngum á Íslandi.

Umfjöllun um flugsamgöngur er hér skipt í þrjá hluta. Í fyrsta lagi eru settar fram tillögur um verkefni á áætlunartímabilinu og er hluti af stefnumörkun um atvinnu og byggðapróun á Vestfjörðum. Í öðru lagi umfjöllun um þátt innanlandsflugs í samgöngukerfi Vestfjarða og það ósamræmi sem blasir víð í framsetningu samgönguáætlunar í þessum efnunum. Í þriðja lagi sviðsmynd ef komi til lokunar Reykjavíkurflugvallar.

2.1. Tillögur um verkefni flugsamgöngum á Vestfjörðum

- Að bæta aðstæður á Ísafjarðarflugvelli þannig að hann uppfylli skilyrði reglugerðar um millilandaflugvelli og flugvernd.
- Að Bíldudalsflugvöllur verði lengdur til þess að geta þjónað þeim flugvélakosti sem nýttur er í innanlandsflugi í dag.
- Að Þingeyrarflugvöllur verði betur nýttur sem þverbraut og varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll.
- Að bundið slitlag verði lagt á snúningssvæði og á flughlöð á Gjögurflugvelli
- Að miðstöð innanlandsflugs verði áfram staðsett í Vatnsmýrinni og þar verði byggð samgöngumiðstöð til að veita þeim sem nota flugvöllinn sem besta þjónustu. Nýta þarf flugvöllinn betur með því að auka og samræma flug milli landshluta.
- Að viðurkenndum lendingarstöðum í fjórðungnum, sem ekki eru nýttir til áætlunarflugs, verði áfram viðhaldið, enda gegna þeir mikilvægu öryggishlutverki og eru jafnframt liður í vaxandi ferðþjónustu á Vestfjörðum.
- Að vestfirskir áætlunarflugvellir verði jafnan útbúnir fullkornustu öryggistækjum sem flugöryggisstaðlar mæla fyrir um auk þess sem möguleikar á kvöld- og næturflugi verði nýttir til hins ýtrasta.

Tillögur í samgönguáætlun 2011-2022 virðast einsleitar og miðast við verkefni á Akureyrarflugvelli, Egilsstaðarflugvelli og Reykjavíkurflugvelli. Verkefnin tengjast í flestum tilfellum vegna stöðu þeirra varðandi millilandaflug en kemur innanlandsflugi jafnt til góða. Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur umhverfis og samgöngunefnd að horfa til þessara mikilvægu verkefna á Vestfjörðum, sem vegna stöðu landssamgangna verða að treysta á flugsamgöngur.

Að öðru, Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að samgöngunefnd Alþingis fari sérstaklega yfir efnahags- og samfélagsleg áhrif á hækkun lendingargjalda og útfærslu á álagningu kolefnisgjalds. Áréttað er að innanlandsflug er hluti af almenningssamgöngukerfi landsins og það er í dag miðlægur þáttur í þjónustukerfi hins opinbera sem það býður landsmönnum sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu. Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að stjórnvöld séu að velta afleiðingu sparnaðar síðustu a.m.k. fimm ára í viðhaldi flugvalla og búnaði. Kostnaður sem sameiginlegir sjóðir áttu að taka á sínum tíma er nú færður að meginhluta á íbúa og atvinnulíf á landsbyggðinni.

Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir einnig harðlega þeirri tillögu samgönguáætlunar 2011-2022, að flugvöllur á Þingeyri verði tekinn út af grunnneti. Lýst er furðu á þeirri framsetningu að tilgreind ástæða sé að þangað sé ekki stundað reglubundið áætlunarflug. Forsenda endurbyggingar Þingeyrarflugvallar var að hér yrði um að ræða varaflugvöll fyrir Ísafjarðarflugvöll enda innan við 50 km á milli þessara flugvalla, auk þess að Þingeyrarflugvöllur væri í raun önnur flugbraut (þverbraut) fyrir Ísafjarðarflugvöll.

Vissulega eru það vonbrigði að flugvöllurinn hafi ekki verið nýttur eins og forsendur fyrir byggingu hans voru lagðar fram. Ber stjórnvöldum skylda að gera rækilega úttekt á ástæðum þessa m.a. forsendur flugrekstaraðila, flugmálfirvalda, afstöðu sveitarfélaga, breytt veðurfar, sparnaði í viðhaldi, snjómokstri og opnunartíma o.fl., áður en umræða er yfir höfuð tekin um þetta mál.

2.2. Gildi innanlandsflugs fyrir íbúa á Vestfjörðum

Markmið og umfjöllun í greinargerð samgönguáætlunar eru á margan hátt skrifuð á þann hátt að byggð og samgöngukerfið í landinu sé einsleitt í stað þess að nálgast verkefnið út frá misskiptingu sem er til staðar. Taka má hér sem dæmi umfjöllun um málefni Reykjavíkflugvallar. Þar er fyrirætlan samgöngufirvalda að taka upp viðræður við Reykjavíkurborg um innanlandsflug en án aðkomu annarra landshluta að þeim viðræðum, sem telja verður eðlilegan hluta að teknu tilliti til notkunar³. Einnig má sjá einsleitni framsetningu umræðu um innanlandsflug er varðar flugmál í Evrópu. Einhver staðar í umræðunni hefur týnst sá málstaður að innanlandsflug á Íslandi, sé hluti af almenningssamgöngukerfi landsins þar sem þetta er eina leið landsmanna að ferðast skjótt á milli staða. Aðgerðir stjórnvalda í Evrópu miðast við að breyta ferðatilhögun með því draga úr styttri flugferðum og beina þeim inn á hraðlestarkerfi. Forsendan er að aðilar hafi val um ferðatilhögun en því er ekki til að dreifa í dag á Vestfjörðum. Forsendur umfjöllunar í greinargerð samgönguáætlunar sem undirbyggir markmið hennar taka því ekki tillit til sérstæðra aðstæðna sem landshlutinn býr við.

³ Ferðavenjur: Sumarkönnun 2010. Land-ráð sf október 2010. *Svarendur í landsbyggðakjörnum fljúga að meðaltali 4,2 sinnum innanlands á ári og íbúar höfuðborgarsvæðisins 0,9 sinnum.*

Það einkennir not á áætlunarflugvalla á Vestfjörðum er margvísleg þjónustusókn sem stjórnvöld hafa í auknu mæli lagt upp við íbúa á Vestfjörðum. Stefna stjórnvalda með stækkun umdæma þjónustustofnana ríkisins og aukin áhersla á miðlæga þjónustu s.s. í heilbrigðiskerfi kallar á aukin ferðalög og er í forsendum varðandi uppbyggingu hátækisjúkrahúss í Reykjavík. Til að sækja þessa þjónustu er flug í þessum efnum eina almennings-samgöngukerfi sem Vestfirðingar geta nýtt sér. Flug tryggir einnig atvinnulífi þann hraða sem þarf að vera í samskiptum nú til dags og er hluti af jákvæðum þáttum sem atvinnulíf horfir til. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hagræði þess að komast á milli staða á 30-40 mínútum í stað 5-6 klst., ekki síst yfir vetrartímann. Nýjungar í ferðaþjónustu byggja hér allt sitt á, svo sem í sjóstangveiði.

Meginmarkmið samgönguáætlunar um greiðar samgöngur íbúa að skilgreindum þjónustukjörnum⁴ og þar með stækkun þjónustuvæða og efling þjónustukjarna sem hluta af jákvæðri byggðapróun standast því miður engan veginn. Umfjöllun um flugmál og hér að framan er lýst, er ekki í samhengi við tillögu samgönguáætlunar að allt að 12 ára bið verði þar til að komið verði á heilsárstenging milli þjónustuvæða á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum, sama á við vegtengingu Árneshrepps við nágrannasveitarfélög. Þessari 12 ára bið er mótmælt á öðrum stað í þessari umsögn en eins og hér sagt er hér að framan, er stórum hluta Vestfirðinga beint í millitíðinni að næsta þjónustukjarna sem er Reykjavík. Einnig skal vísað til hugmyndar um aukna vetrarþjónstu milli norður og suðursvæðis Vestfjarða, sem má leysa með flugi á milli þessara svæða.

2.3. Sviðsmynd af lokun Reykjavíkurflugvallar

Farið hefur hér að framan yfir mikilvægi innanlandsflugs, tengingu þess við skipulag stjórnsýslu og opinberrar þjónustu gagnvart íbúum Vestfjarða í dag. Núverandi staðsetning Reykjavíkurflugvallar er miðlæg í þeirri umfjöllun.

Hér verður brugðið upp þeirri sviðsmynd ef skilyrði áætlunarflugs breytast á þann hátt að Reykjavíkurflugvelli verði lokað á tímabili samgönguáætlunar og miðstöð innanlandsflug flytjist til Keflavíkurflugvallar. Gert er ráð fyrir að á sama tíma verði heldur engin breyting á tímasetningu framkvæmda í landsamgöngum á Vestfjörðum. Hér myndi skapast sú staða að auk lengingar ferðatíma almennt þá yrði einnig stytting á þeim tíma yfir myrkasta vetrartímann þar sem er hægt að fljúga til Vestfjarða. Þetta myndi þýða það að ferðir milli Reykjavíkur og Vestfjarða með innanlandsflugi myndu lengjast um a.m.k. sólarhring í hvert skipti. Hér skapast mikið óhagræði fyrir íbúa, atvinnulíf og stjórnsýslu landshlutans sem vegna fjarlægðar á landi treystir á hraða flugs sem samgöngumáta. Þessi kostnaður er ekki einungis í formi þess að íbúar landshlutans þurfi að kosta meiru til ferðalaga heldur verður kostnaður fyrirtækja og annarra sem þurfa að kaupa þjónustu til sín frá höfuðborgarsvæðinu einnig mun meiri. Augljós eru hér

⁴ Sjá bls. 2 hér að framan: *Sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til atvinnu- og þjónustukjarna á innan við einni klukkustund.*

neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu landshlutans og er þar ekki á bætandi. Ljóst má þá vera að markmið samgönguáætlunar hvað varðar Vestfirði eru þá að engu orðin með vísan til stefnuviðmiðs samgönguáætlunar, 1.5.2. um jákvæða byggðapróun.⁵

Fyrir sóknaráætlun landshlutans eru þá eðlileg viðbrögð að brugðist yrði mjög hratt við með því að margefla og færa til opinbera þjónustu og stjórnsýslu á öllum sviðum til Vestfjarða t.a.m. heilbrigðiskerfið, menntakerfi, og ýmsa aðra þjónustu við íbúa og atvinnulíf. Til að mæta þessum breyttu aðstæðum yrði að byggja að lágmarki þrjá þjónustukjarna, tengja þá með nýju gagnaflutningskerfi, aukinni vegþjónustu árið um kring og eflingu almenningsgangna með flugi og ferjum.

3. Viðhald, þjónusta og vetrarþjónusta

Fjórðungsamband Vestfirðinga leggur áherslu á að auknu fé verði varið til viðhalds vega á næstu árum. Viðhald malarvega hefur á síðustu árum verið skorið niður svo mjög að víða er vá fyrir dyrum, haldi fram sem horfir. Bryn nauðsyn er að Alþingi taki á þessu í umfjöllun um samgönguáætlun. Margar lagfæringar á núverandi vegakerfi kalla á, svo sem að útrýma einbreiðum brúm, laga blindhæðir og hættulega vegkafla og vegi með einbreitu slitlagi. Huga þarf að fjármagni til þessara framkvæmda.

Með tilliti til fjölda fjallavega, ótryggari flugsamgangna vegna veðurs og landfræðilegar aðstæðna, verður að telja að íbúar á Vestfjörðum hafi fengið meira en margir landsmenn að finna fyrir niðurskurði á vetrarþjónustu, sem gripið var til í sparnaðarskýni eftir hrunárið 2008. Þar er helst að nefna að leiðum frá Þjóðvegi 1 til Ísafjarðar og Patreksfjarðar er ekki lengur haldið opnum alla daga vikunnar, heldur 6 daga vikunnar (laugardagur felldur niður). Einnig var felldur út einn dagur (laugardagur) í siglingu ferjunnar Baldurs yfir Breiðafjörð og flug til Bíldudals (einnig laugardagur). Þetta leiðir til margháttaðs óhagræðis fyrir íbúa á Vestfjörðum og þá sem heimsækja héraðið. Vestfirðinga telja forgangsmál að fá aftur fulla þjónustu að vetrinum.

Vetrarþjónusta á vegi norður í Árneshrepp er síðan sérstakt viðfangsefni. Það er krafa Fjórðungssambands Vestfirðinga að leiðin norður í Árnehrepp sé tekin af svokallaðir G reglu um snjómokstur, með snjómokstri vor og haust, yfir á F reglu með mokstri tvisvar í viku eða á annan reglubundin hátt eftir því sem aðstæður leyfa. Árneshreppur er eina byggðarlag á landinu þar sem íbúum er ekki boðin aðgangur að reglubundnum landsamgöngnum. Áætlunarflug er vissulega til staðar en það er með þeim takmörkunum sem það hefur s.s. fjölda farþega og flutningsgetu. Árneshreppur er því eina byggðarlag á landinu, sem búa má við samgönguleysi mestallan veturinn

⁵ 1.5.2. ...samþætta samgönguáætlun við aðra áætlanagerð og opinbera stefnumótun og öðlast þannig sameiginlega framtíðarsýn fyrir alla landshluta til að efla atvinnulíf og lífsgæði, og hámarka hagkvæma nýtingu á samgöngumannvirkjum og þjónustu (bls. 108).

Fjórðungssamband Vestfirðinga beinir því til einnig til umhverfis og samgöngunefndar að tekin verði upp að nýju vetrarþjónusta milli norður og suðursvæðis Vestfjarða. Markmið allra áætlana stjórnvalda sem nú eru til umfjöllunar er efling þátta er lúta að samskiptum þjónustusvæða, aukin héraðsbundin verkefni o.s.fr. Heilsársamgöngur eru grundvöllur slíkra markmiða en í dag er vegalengd milli þéttbýlisstaða um 450-500 km að vetrum, sem er afstætt, þegar hugsað er til að loftlína milli áætlunarflugvalla er rúmir 50 km. Tillaga að samgönguáætlun gerir ráð fyrir að vegafremkvæmdum með heilsársvegi milli þessara svæða verði lokið 2022 en tillaga Fjórðungssambandsins er að þeim verði flýtt. Aðilar eru því ósammála um forgangsröðun verkefna en eru um leið sammála um markmið sem náð verði með heilsársvegi og ættu því geta sameinast um verkefni sem lítur að upptakti á auknum samskiptum þessara svæða. Aðgerð þessi getur verið hluti af eflingu almenningsamgöngukerfi á Vestfjörðum og eftir árstíðum falið í sér blöndu af vegsamgöngum, flugi og hugsanlega á sjó (ferjusiglingar).

4. Lokaorð

Framtíð byggðar á Vestfjörðum er ógnað. Fyrir íbúa fjórðungsins er mikilvægt að búa við sambærilegar samgöngur og aðrir landsmenn. Fyrir atvinnulíf á Vestfjörðum er nauðsynlegt að samgöngur við aðra landshluta verði bættar, en ekki síður að vegasamband komist á allt árið á milli helstu þéttbýlisstaða innan landhlutans. Vestfirðingar telja sig eiga að njóta forgangs í samgöngubótum næstu ár, þar sem aðrir landsmenn hafa þegar fengið uppfyllt meginmarkmið samgönguáætlunar um greiðar samgöngur. Markmið samgönguáætlunar um jákvæða byggðapróun verða aðeins hjóm eitt, ef ekki fylgja efndir. Greiðar samgöngur á landi, reglulegar flugferðir og örugg fjarskipti munu efla byggð á Vestfjörðum og auka möguleika Vestfirðinga til að byggja upp samfélag, sem átt hefur í vök að verjast síðustu áratugi.